

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 213/1989. **Björgúlfur Pétursson**  
(Árni Stefánsson hrl.) og

**Hjörtur Ingólfsson**  
(Jón Bjarnason hrl.)

gegn  
**tollstjóranum í Reykjavík vegna**  
**þrotabús Péturs Ingólfssonar**  
(Kjartan Ragnars hrl.).

Gjaldþrot. Riftun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. maí sama ár.

Áfrýjandinn Björgúlfur Pétursson krefst þess aðallega, að héraðsdómur og meðferð málsins í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandinn Hjörtur Ingólfsson gerir sams konar kröfur.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fallast verður á það með héraðsdómara, að Pétur Ingólfsson hafi ekki verið gjaldfær eftir ráðstöfun þess fjár, sem hann fékk fyrir hluta sinn í Bústað sf. Ber með tilvísun til 2. mgr. 67. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir þessum úrslitum verða áfrýjendur dæmdir til að greiða stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjendur, Björgúlfur Pétursson og Hjörtur Ingólfsson, greiði stefnda, tollstjóranum í Reykjavík vegna þrotabús

Péturs Ingólfssonar, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 16. desember 1988.

#### I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. f. m., hefur tollstjórinn í Reykjavík, nnr. 8888-0528, Tryggvagötu 19, Reykjavík, Björn Hermannsson, nnr. 1334-7166, Álftamýri 39, Reykjavík, vegna þrotabús Péturs Ingólfssonar, nnr. 7097-4444, Reykjavík, höfðað fyrir aukadómþingi Kjósarsýslu með stefnu, birtri 31. október 1986, á hendur Hirti Ingólfssyni, nnr. 4226-8143, Bugðutanga 21, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, og með stefnu, birtri 1. nóvember 1986 á hendur Björgúlfi Péturssyni, nnr. 1286-2474, Leirutanga 49, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, til greiðslu fébóta, að fjárhæð 406.912,54 kr., auk vaxta og kostnaðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 406.912,54 kr. auk 17% ársvaxta frá 26. sept. 1984 til 31. des. 1984, 24% frá 1. jan. 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febr. 1986, 13% frá 1. mars 1986 til 30. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til stefnubirtingardags og dómvaxta frá stefnubirtingardegi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkv. taxa LMFÍ.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og stefnda tildæmdur málskostnaður, en til vara er krafist sýknu og málskostnaðar og loks til þrautavara, að stefnukröfur verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Með úrskurði réttarins 24. febrúar 1987 að undangengnum munnlegum málflutningi 17. sama mánaðar var frávísunarkröfunni hrundið.

#### II.

Bú Péturs Ingólfssonar, Birkimel 10, Reykjavík, sem er faðir stefnda Björgúlfs og bróðir stefnda Hjartar, var tekið til gjaldþrotaskipta 7. mars 1985. Engar eignir hafa komið fram í búinu, en lýstar kröfur námu 5.066.983,73 kr. Þrotamaður hafði selt allar eignir sínar á árinu 1984, og var söluandvirði sem hér segir:

1. Íbúð að Eiðistorgi 5 samkvæmt kaupsamningi, dags. 24. mars 1984	kr. 2.750.000,00
2. Eignarhluti í Bústað sf. samkvæmt yfirlýsingu, dags. 26. sept. 1984	— 3.750.000,00
3. Verslunin Viktoría samkvæmt kaupsamningi, dags. 19. nóv. 1984	— 3.937.500,00
	<hr/>
Samtals	kr. 10.437.500,00

Söluandvirði þessara eigna varði þrotamaður til að gera upp hluta af skuldum sínum, og telur stefnandi, þ. e. kröfuhafar í bú þrotamanns, að við það uppgjör hafi þrotamaður látið ýmsar skuldir, sem nánar ættingjar hans, þ. á m. stefndu, höfðu gengið í ábyrgð fyrir, hafa algeran forgang. Þannig telur stefnandi, að verulegum hluta af söluandvirði Bústaðar sf., sem áður er getið, hafi þrotamaður varið til greiðslu slíkra skulda, nánar tiltekið sem hér segir:

1. Greiddar skuldir þrotamanns við Bústað sf., eigendur faðir og bræður þrotamanns	kr.	256.950,00
2. Greidd skuld við Verslunarbanka Íslands, ábyrgðarmaður Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns	—	325.630,17
3. Greidd skuld við Verslunarbanka Íslands, skv. skuldabréfi pr. 7.8. 1984, greidd 2.10. 1984, ábyrgðarmenn Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns, og Björgúlfur Pétursson, sonur þrotamanns	—	406.912,54
4. Greidd skuld við Verslunarbanka Íslands samkvæmt þremur víxlum, útgefandi Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns	—	747.000,00
5. Greidd víxilskuld við Iðnaðarbanka Íslands, útgefandi Ingólfur Guðmundsson, faðir þrotamanns	—	308.302,00
6. Greidd víxilskuld við Landsbanka Íslands, útgefandi Ingólfur Guðmundsson, faðir þrotamanns	—	150.000,00
7. Greidd skuld við Iðnaðarbanka Íslands, ábyrgðarmenn Hjörtur Ingólfsson, bróðir þrotamanns, og Ingólfur Guðmundsson, faðir þrotamanns	—	66.520,90
		<hr/>
	Kr.	2.261.315,61

Kveður stefnandi stefnukröfuna sprotna af lið 3 í framangreindri sundurliðun.

Stefnandi hefur lagt fram í ljósriti framhlið umrædds skuldabréfs. Það var út gefið 6. febrúar 1984 af þrotamanni, Péttri Ingólfssyni, þá til heimilis að Eiðistorgi 5, Seltjarnarnesi, til Verslunarbanka Íslands hf., að fjárhæð 350.000 kr., bar 21% vexti og skyldi greiða upp með einni greiðslu sex mánuðum eftir útgáfudag, gjalddagi því 7. ágúst 1984.

Bréfið var ekki veðtryggt, heldur með sjálfskuldarábyrgð, og voru sjálfskuldarábyrgðarmenn stefndu í máli þessu, Hjörtur og Björgúlfur. Ekki er á hinu fram lagða ljósriti að finna áritun um, að bréfið hafi verið greitt, né aðrar sérstakar áritanir.

Þá hefur stefnandi lagt fram ljósrit af ódagsettri og ógreiðslustimplaðri tilkynningu bankans til skuldara á formi greiðslukvittunar.

Samkvæmt henni hefur krafa bankans, þegar tilkynningin var skrifuð út úr tölvu bankans, verið:

Höfuðstóll	kr. 350.000,00
Grunnvextir 9% í sex mán.	— 15.662,50
Verðbótapáttur vaxta 12% í sex mán.	— 20.883,33
Kostnaður	— 72,00
Dag- eða dráttarvextir	— 20.294,71
Samtals stefnukrafan	kr. 206.912,54

### III.

Það er málsástæða stefnanda, að greiðsla á framangreindu skuldabréfi sé riftanleg gagnvart stefndu sem sjálfskuldarábyrgðarmönnum á skuldabréfinu samkv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 6/1978. Er staðhæft, að með ráðstöfunum þessum hafi verið greidd skuld, sem úrslitum hafi ráðið um gjaldfærni þrotamanns og að stefndu hafi þannig verið ívilnað á kostnað annarra kröfuhafa í þrotabú Péturs Ingólfssonar með því að hafa losnað úr ábyrgð á fjárskuldbindingu þrotamanns. Er á því byggt, að þrotabúi Péturs Ingólfssonar og þar með kröfuhöfum þess hafi með greiðslu skuldar þessarar verið valdið fjártjóni, sem stefndu sé samkv. 62. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 2. mgr. 54. gr., lögskylt að bæta búinu. Er því haldið fram, að svo beri að skýra 2. mgr. 54. gr. laga nr. 6/1978, að hún taki einnig til greiðslna á skuldum þrotamanns, sem séu til hagsbóta aðilum nákomnum þrotamanni, í þessu tilviki föður þrotamanns og bróður hans.

Verði ekki fallist á skilning stefnanda á 2. mgr. 54. gr. laga nr. 6/1978, er fébótakrafa á hendur stefnda reist á 63. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 61. gr. Er það málsástæða stefnanda, að Pétur Ingólfsson hafi verið ógjaldfær eða orðið það, er skuldir samkv. víxlunum og skuldabréfinu voru greiddar, og að stefndu hafi þannig sem sjálfskuldarábyrgðarmönnum á lánskjöllum þessum verið ívilnað gróflega og ótilhlýðilega á kostnað annarra kröfuhafa þrotamanns. Er staðhæft, að stefndu hafi á þessum tíma vitað eða mátt vita um bágan fjárhag og ógjaldfærni Péturs Ingólfssonar og að með þessum ráðstöfunum hafi verið gróflega og ótilhlýðilega brotið gegn jafnræði kröfuhafa þrotamanns, þar eð stefndu hafi með greiðslu skulda þessara

losnað úr ábyrgðum á fjárskuldbindingu þrotamanns. Færir stefnandi fram þau lagarök, að ráðstafanir þessar séu riftanlegar samkv. 61. gr. laga nr. 6/1978 og að stefndu sé samkv. 63. gr. laga nr. 6/1978 skylt að bæta þrotabúi Péturs Ingólfssonar fjártjón það, sem búið varð fyrir vegna þessara ráðstafana, enda verði að skýra svo hugtakið „kröfuhafi“ í 61. gr. laga nr. 6/1978, að einnig sé átt við ábyrgðarmenn á fjárskuldbindingum þrotamanns.

#### IV.

Aðalkröfu sína um frávisun studdu stefndu þeim rökum í fyrsta lagi, að úrskurður um gjaldþrotameðferð hefði verið kveðinn upp á röngu varnarþingi, og væri hann svo og ákvarðanir teknar á sama varnarþingi markleysa, sem hafi ekki lögfylgjur. Í öðru lagi rökstuddu stefndu frávisunarkröfuna með því, að málið væri vanreifað.

Sem fyrr segir, var frávisunarkröfunni hrundið með úrskurði 24. febrúar 1987, og kemur því sú málsástæða, að gjaldþrotaúrskurðurinn sé markleysa, ekki frekar til álita, sbr. 196. gr. l. 85/1936 og 3. mgr. 108. gr. sömu laga.

Um vanreifunarmálsástæðuna er það að segja, að hún var í fyrsta lagi studd þeim rökum, að skiptaráðandi hefði ekki viðurkennt aðrar lýstar kröfur í þrotabúið en forgangskröfu, að fjárhæð 22.232 kr., og kröfum tollstjórans í Reykjavík alla tíð verið sérstaklega mótmælt sem áætluðum og órökstuddum og því jafnframt mótmælt, að fyrir lægi, að þrotamaður hefði ekki átt fyrir skuldum, er greiðslan fór fram. Um þessi atriði liggur ekkert nýtt fyrir frá úrskurði 24. febrúar 1987. Í öðru lagi er vanreifunarmálsástæðan rökstudd með því, að stefnukrafan í málinu sé byggð á ljósritum, sem væru í hæsta máta tortryggileg. Bakhlið sé ekki ljósrituð, en þar geti verið hinar þýðingarmestu upplýsingar, framsöl og margt fleira.

#### V.

Kröfu sína um sýknu reisa stefndu í fyrsta lagi á því, að aðalsönnunargögnin í málinu séu lögð fram í ljósritum, sem sé svo áfátt, að þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna, í öðru lagi á því, að gjaldþrotaúrskurðurinn hafi verið kveðinn upp á röngu varnarþingi og á röngum forsendum og því markleysa og skaðabótamál reist á riftunarreglum gjaldþrotalaga því á sandi byggt.

Þá reisa stefndu sýknukröfuna á því, að riftunarskilyrðum samkvæmt gjaldþrotalögum sé ekki til að dreifa. Þrotamaður hafi hvorki verið ógjaldfær, þegar umræddar bankaskuldir voru greiddar, né orðið ógjaldfær við greiðslu þeirra. Stefndi Hjörtur sem og aðrir meðeigendur hans í Bústað

sf., kaupendur eignarhluta Péturs, hafi verið í góðri trú um gjaldfærni hans, þegar greiðslurnar voru inntar af hendi.

Af hálfu stefnda Björgúlfs er sérstaklega á það bent, að hann hefur aldrei verið aðili að sameignarfélaginu Bústað og kom ekki við sögu, þegar þrotamaður seldi eignarhluta sinn. Því er haldið fram, að hann hafi ekkert fylgst með fjármálum föður síns. Þá hafi greiðsla skuldabréfsins farið fram algerlega án hans vitundar og tilverknaðar. Sérstaklega er bent á, að skuldabréfið var gjaldfallið. Allt leiði þetta til þess, að sýkna beri stefnda Björgúlfs.

Þrautavarakröfu sína um lækkun stefnukrafna útlista stefndu þannig:

Ef svo færi, að einhver hluti af stefnukröfunum í máli þessu yrði tekinn til greina, krefjast stefndu þess, að bætt verði við dómsorðið ákvæði um, að þeir eigi rétt á að fá dregna frá dómsfjárhæðinni þá prósentu, sem búið komi til með að greiða upp í almennar kröfur, eftir að fjárhæðum dæmdra riftunarkrafna hafi verið bætt við viðurkenndar almennar kröfur. Það komi greinilega fram í 62. og 63. gr. laga nr. 6/1978, að kröfuhafar í þrotabú eigi ekki að græða neitt á riftun, heldur aðeins að fá það, sem þeir hefðu fengið upp í kröfur sínar, hefði hin riftanlega ráðstöfun ekki farið fram. Þá hefðu stefndu verið meðal almennra kröfuhafa í búið og fengið sína hlutdeild af því, sem til úthlutunar verði upp í almennar kröfur. Þegar svona sé farið að, komi fram hið raunverulega tjón búsins. Það eigi að bæta, en ekki meira. Hvergi sé heimild fyrir því í VIII. kafla laga nr. 6/1978, að búið græði á riftun; það eigi að verða skaðlaust. Þessi hundraðshluti liggja ekki fyrir nú, en hann komi til með að liggja fyrir við uppgjör búsins.

Er úrskurðurinn gekk 24. febrúar 1987, var talið, að frumrit umræddra skjala væru í vörslu sakadóms Reykjavíkur, en ríkissaksóknari höfðaði sakamál á hendur Péttri Ingólfssyni með ákæru, út gefinni 15. maí 1986, á grundvelli 4. tl. 1. mgr. 250. gr. l. 19/1940. Var ákæran m. a. byggð á lögskiptum þeim, sem mál þetta snýst um. Ákærði var sekur fundinn um brot á tóðu lagaákvæði og dæmdur 24. júní 1988 í þriggja mánaða fangelsi óskilorðsbundið auk þriggja mánaða skilorðsbundið. Ekki er í dóminum fjallað sérstaklega um lögskipti þau, sem stefnukrafan í máli þessu lýtur að, heldur litið til fjárráðstafana ákærða í heild fyrir gjaldþrotið og talið sannað, að hann hafi greitt skuldir, sem ættingjar hans voru í ábyrgð fyrir, en eftir standi skuldir, sem hann sé einn ábyrgur fyrir. Er niðurstaða dómsins á því reist, að ákærði hafi af ásetningi mismunað lánardrottnum sínum.

Það kom á hinn bóginn í ljós, eftir að frávísunarkröfunni var hrundið 24. febrúar 1987, að umrætt skuldabréf og kvittun höfðu ekki verið lögð fram í frumriti í sakadómsmálinu, heldur einvörðungu í ljósríti.

Eftir því, sem fram hefur komið í máli þessu, annaðist stefndi Hjörtur

sem umboðsmaður bróður síns greiðslu á umræddu skuldabréfi og fékk frumskjölin í hendur við greiðslu, en kveðst fljótlega hafa afhent Péttri skjölin, en tók þó áður ljósrit af þeim fyrir sjálfan sig. Eftir þeim ljósritum ljósritaði RLR hin fram lögðu skjöl í málinu, en stefndi Hjörtur hélt upphaflegum ljósritum sínum.

Samkvæmt þessu verður að telja, að sönnunarbyrði sé hér þannig háttáð, að stefndu verði að bera hallann af því að hafa ekki lagt fram í málinu frumrit umræddra skjala eða fullkomin ljósrit. Stefndi Hjörtur, en líta verður svo á, að hann hafi komið fram sem umboðsmaður stefnda Björg-úlfs í þessu sambandi, hafði á sínum tíma skjölin í höndum og ljósritaði þau, áður en hann afhenti þau. Hann hefur ekki skýrt, hvers vegna hann leggur ekki þessi ljósrit sín fram í málinu. Í rekstri málsins hafa stefndu auk þess verið í allt annarri og betri aðstöðu en stefnandi til að afla frumskjalanna og leggja þau fram.

Að þessu athuguðu verður frávísunarkröfu stefndu enn hrundið.

#### *Álit dómsins.*

Protamaður seldi 26. september 1984 tiltekna eign sína, 12,5% eignarhlutdeild í sameignarfélaginu Bústað sf. Kaupendur, meðeigendur þrotamanns í sameignarfélaginu eða sameignarfélagið fyrir þeirra hönd, inntu meginhluta kaupverðsins þannig af hendi, að þeir greiddu ýmist þegar við samningsgerðina 26. september 1984 eða síðar tilteknar skuldir og skuldbindingar þrotamanns, þ. á m. skuldabréf það, sem mál þetta lýtur að.

Á yfirliti, er stefndi Hjörtur gerði um það, hvernig þrotamaður hafði fengið eignarhluta sinn í Bústað sf. greiddan, svo og í framburði Hjartar fyrir rannsóknarlögreglu 9. apríl 1986, kemur fram, að Hjörtur annaðist greiðslu bréfsins með hluta af umræddu söluandvirði. Telur stefnandi greiðsluna hafa farið fram 2. október 1984, og hefur þeirri dagsetningu ekki verið sérstaklega mótmælt.

Stefndu í máli þessu voru sjálfskuldarábyrgðarmenn á umræddu skuldabréfi og högnuðust að lokum á því, að það greiddist.

Protabú á þess kost í tilvikum sem þessu að beina riftunarkröfu að þeim, sem að lokum hefði beðið tjón, ef þrotamaður hefði ekki greitt. Það ónýtir því ekki málsókn þessa, þótt stefnandi hafi ekki beint riftunarmáli að eiganda skuldabréfsins og viðtakanda greiðslunnar, Verslunarbanka Íslands hf.

Svo sem að framan er rakið, námu lýstar kröfur í bú þrotamanns rúmlega 5 millj. króna. Þegar búið var að ráðstafa söluandvirði Bústaðar sf., átti þrotamaður eftir verslunina Viktoríu, nafnverð söluverðs samkvæmt kaupsamningi tæpar 4 milljónir, raunvirði (kaupsamningur metinn til staðgreiðslu í peningum) væntanlega miklu lægra. Samkvæmt þessu hefur

stefndu ekki tekist að sýna fram á, að þrotamaður hafi átt fyrir skuldum, þegar hann var búinn að ráðstafa söluandvirði Bústaðar sf., og annað er ekki fram komið en það hafi einmitt verið greiðslur þær af söluandvirði Bústaðar sf., samtals yfir 2 milljónir króna, sem hann ráðstafaði til þess að greiða kröfur, sem nákomin ættmenni hans voru í ábyrgð fyrir, þ. á m. greiðslur þær, sem mál þetta snýst um, sem ráðið hafi úrslitum um gjaldfærni hans, en á þessar greiðslur verður í þessu samhengi að líta sem eina heild.

Samkvæmt þessu ber með vísan til 2. töluliðar 54. gr. 1. nr. 6/1978 og með vísan til 62. gr. sömu laga að taka kröfur stefnanda til greina. Um þá málsástæðu stefnda Björgúlfs, að grandleysi hans leiði til sýknu, er á hvort tveggja að líta, að telja verður, að stefndi Hjörtur hafi verið umboðsmaður hans, og þó einkum til þess, að 2. töluliður 54. gr. gjaldþrotalaga hefur að geyma hlutlægar riftunarreglur, þrotabúið þarf ekki að sanna grandsemi varnaraðila (sic).

Ekki verður sinnt þeirri þrautavarakröfu stefndu að tilgreina sérstaklega í dómsorði, að draga beri frá tildæmdum fjárhæðum þá prósentu, sem búið komi til með að greiða upp í almennar kröfur. Það er almenn regla, byggð á eðli máls og venjuhelguð, að kröfu á hendur þrotabúi, sem verður til vegna úrslita riftunarmáls, sem dæmt er eftir lok kröfulýsingarfrests, má koma að með fullum réttindum í kröfuröð, þótt kröfulýsingarfrestur sé liðinn.

Samkvæmt þessu verða stefnukröfur teknar til greina með 406.912,54 kr. ásamt vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Málskostnaður ákveðst 90.000 kr.

Már Pétursson sýslumaður kveður upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Hjörtur Ingólfsson og Björgúlfur Pétursson, greiði, annar fyrir báða og báðir fyrir annan, stefnanda, þrotabúi Péturs Ingólfs-sonar, 406.912,54 kr. ásamt 17% ársvöxtum frá 26. sept. 1984 til 31. des. 1984, 24% frá 1. jan. 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febrúar 1986, 13% frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til 1. nóvember 1986, en dómvexti frá þeim degi til greiðsludags og 90.000 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.